

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 20. febrúar 2026

Mál nr. S-29/2025:

**Lögrelustjórinn á Norðurlandi vestra**  
(Sigurður Hólmur Kristjánsson lögrelustjóri)  
**gegn**  
**Eriku Gudan**  
(Friðrik Smáráson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Málið var höfðað með ákæru lögrelustjóra, dags. 4. mars 2025, á hendur Eriku Gudan, [...]. Málið var dómtekið 14. janúar 2026.
- Dómarinn sem fer með málið tók við meðferð þess 1. september 2025 en hafði engin afskipti af því fyrir þann tíma.
- Í ákæru segir að málið sé höfðað gegn ákærðu „fyrir umferðarlagabrot og líkamsmeiðingar af gáleysi með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 7. september 2023, [...], ekið hópferðabifreiðinni [...] frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli og áleiðis [...] þar sem ákærða sofnaði við aksturinn og missti stjórn á bifreiðinni sem valt á hliðina á Norðurlandsvegi við Brekku í Húnabyggð, með eftirtöldum afleiðingum fyrir farþega hópferðabifreiðarinnar. A, kt. [...], hlaut brot á efri enda upparmsleggjar vinstra megin. B, kt. [...], hlaut opin sár á höfði og staðbundinn áverka á heila og D, kt. [...], hlaut brot á hnéskel, kranningsáverka og opin sár á hægri fæti auk brota á ótilgreindum hálsliðum. Þá hlutu aðrir farþegar mar og skrámur.

Telst brot ákærðu varða við [...] 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

[...]

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.“

4. Upphaflega sneri ákæran einnig að meintu broti ákærðu á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna en ákæruvaldið féll frá þeim hluta ákærunnar undir rekstri málsins.
5. Ákærða sótti ekki þing þegar málið var þingfest, 26. mars 2025, en verjandi hennar boðaði þá forföll fyrir hennar hönd. Þegar málið var tekið fyrir 28. apríl 2025 neitaði ákærða sök og málinu var frestað til aðalmeðferðar. Ákæruvaldið féll sem fyrr segir síðar frá hluta ákærunnar. Að því búnu játaði ákærða sök hvað varðar það ákæruefni sem eftir stóð. Að framkominni játningu ákærðu var farið með málið eftir ákvæðum 164. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Með skýlausri játningu ákærðu, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað að hún hafi gerst sek um háttsemi þá sem í ákæru greinir, enda er háttsemin þar réttilega heimfærð til 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem varðar líkamsmeiðingar af gáleysi. Áður en málið var tekið til dóms gerðu sækjandi og verjandi grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi ákvörðun refsingar. Um málsatvik vísast til ákæru.
6. Ákærða er fædd árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakarvottorði gekkst hún undir sektargerð vegna umferðarlagabrots árið 2015 en hefur annars ekki gerst brotleg við refsilög. Ákærðu til málsbóta verður litið til skýlausrar játningar hennar fyrir dómi, auk þess sem hún virðist hafa verið samvinnufús hvað það varðar að upplýsa málið meðan það var til rannsóknar. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að sem ökumaður hópferðabifreiðar bar hún ríka aðgæsluskyldu og brást þeirri skyldu með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Að þessu virtu þykir refsing ákærðu vera hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærða almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
7. Þá ber samkvæmt 1. mgr. 99. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að svipta ákærðu ökurétti. Sú svipting þykir hæfilega ákveðin þrír mánuðir frá birtingu dómsins að telja. Ekki þykja vera efni til að einskorða sviptinguna við ákveðinn flokk ökuréttinda, sbr. lokamálslið tilvitnaðs lagaákvæðis, en í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram hvað varðar umrædda reglu, sem þar er nýmæli, að þar sé einkum horft til sviptingar ökuréttar vegna brots á aksturs- og hvíldartímareglum, sem ekki á við hér.
8. Með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar til ríkissjóðs. Til þess kostnaðar teljast

málsvagnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Friðriks Smárásonar lögmans, 1.775.835 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 34.560 krónur vegna aksturskostnaðar sama lögmans. Annar sakarkostnaður nemur samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins 237.267 krónum. Í ljósi þess að ákæruvaldið féll undir rekstri málsins frá þeim hluta ákæru sem varðaði meint brot á reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna þykir þó rétt að 1/3 hluti sakarkostnaðar falli á ríkissjóð en ákærða beri 2/3 hans.

9. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærða, Erika Gudan, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er svipt ökuréttindum í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða skal greiða 1.365.108 krónur í sakarkostnað til ríkissjóðs. Þar eru innifaldir 2/3 hlutar málsvagnarlauna skipaðs verjanda hennar, Friðriks Smárásonar lögmans, sem í heild nema 1.775.835 krónum með virðisaukaskatti, 2/3 hlutar aksturskostnaðar sama lögmans sem í heild nemur 34.560 krónum og 2/3 hlutar útgjalda samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins sem í heild nema 237.267 krónum. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður úr ríkissjóði.

Þorsteinn Magnússon